



## Minnisblað skipulagsfulltrúa 30. janúar 2024

### til skipulags- og byggingarnefndar Skorradalshrepps

#### vegna umsóknar ON um framkvæmdaleyfi þann 28.12. 2023

Framkvæmdaleyfisumsókn barst embætti skipulagsfulltrúa þann 28.12.2023 með tölvupósti. Í fylgiskjali I er lýsing á framkvæmd. Embættið telur óheppilegt hvernig bæði framkvæmd og byggingarleyfisskyldri framkvæmd er blandað saman í lýsingu umsóknar. Eðlilegra væri að byggingarleyfisskyldri framkvæmd væri lýst sérstaklega, þ.e. í sér kafla en ekki undir kafla framkvæmdalýsingar. Enn fremur er hér sótt um öðru sinni um styrkingu jarðvegsstíflu við inntakslón Andakílsárvirkjunar sem er í ferli hjá sveitarfélaginu. Embættið bendir á að ekki sé þörf á að sækja um tvisvar um sömu framkvæmd. Lagt er til að framkvæmdaleyfisumsókn verði lagfærð að teknu tilliti til þess eða fyrri framkvæmdaleyfisumsókn dags. 21.7.2023 verði dregin til baka. Einnig er bent á að sækja þarf um byggingaleyfi inn á þjónustugátt Skorradalshrepps er varðar breytingar og endurbætur á stíflumannvirkjum og inntaksþró.

Á 176. fundi skipulags og byggingarnefndar var lagt fram minnisblað skipulagsfulltrúa við afgreiðslu framkvæmdaleyfisumsóknar um jarðvegsstíflu við inntakslón Andakílsárvirkjunar. Ekki hefur verið brugðist við, nema að takmörkuðu leiti, við þeim atriðum sem fram koma í minnisblaði skipulagsfulltrúa í nýrri framkvæmdaleyfisumsókn og fylgir því hér á eftir nokkuð endurtekið efni sem viðbrögð við nýrri framkvæmdaleyfisumsókn.

#### 1. Virkjunarleyfi ekki til staðar.

Ljóst er að um þetta er deilt. Ekki verður annað séð en að ON hafi á sínum tíma verið þeirrar skoðunar að ekkert virkjunarleyfi væri til, en byggt á því að ekki hafi þurft slíkt leyfi þegar virkjunin var reist og ekki verði gerð krafa um slíkt með afturkræfum hætti.

Í bréfi lögmanns sveitarfélagsins f.h. Skorradalshrepps til Orkustofnunar frá 2. maí 2022 voru sjónarmið sveitarfélagsins rakin ítarlega. Sveitarfélagið fær ekki séð annað en að alltaf hafi verið gerð krafa um virkjunarleyfi fyrir Andakílsárvirkjun. Í minnisblaði Orkustofnunar, sem sveitarfélagið telur bera með sér að vera vinnuskjal og undirbúningur fyrir formlega afstöðu Orkustofnunar, eru rakin sjónarmið og dregin ályktun um að e-s konar ígildi leyfis sé til staðar. Ekkert slíkt leyfi hefur komið fram og mikilvægt er að fram komi hvað felist í meintu leyfi. Er sveitarfélaginu því ómögulegt annað en að álykta að ekki sé til staðar virkjunarleyfi. Slíkt leyfi ætti að nýtast við mat á því hvort starfsemi sú sem fram fer í virkjuninni, sé í samræmi við þau leyfi sem gilda.

Fyrir liggur að íbúar í sveitarfélaginu, landeigendur, hafa einnig byggt sjálfstætt á þessu sjónarmiði og krafist þess að Orkustofnun taki málið til skoðunar / afgreiðslu.

Mikilvægt er að ON sýni fram á hvaða leyfi séu í gildi vegna virkjunarinnar og að fyrir liggi að sú raforkuframleiðsla sem fram fer þar í dag sé í samræmi við útgefin leyfi.

Nýlegur úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ÚUA tekur af tvímæli um að sveitarfélaginu ber að tryggja að leyfi annarra stjórnvalda séu til staðar þegar framkvæmdaleyfi er gefið út vegna virkjunar, sjá mál 74/2023. Fleiri eldri úrskurðir eru til um sambærileg sjónarmið, sjá tilvísun í þessum úrskurði.

#### 2. Leyfi Orkustofnunar skv. vatnalögum.

Í erindi ON frá 27. október sl. er á því byggt að minnisblað Orkustofnunar frá 15. febrúar 2023 feli í sér skýra afstöðu um þetta atriði. Sveitarfélagið telur umrætt minnisblað bera með sér að vera vinnuskjal sem ætlað er að vera innlegg í ákvörðunartöku Orkustofnunar. Ekki hafi verið tekin ákvörðun eða úrskurður frá Orkustofnun.

Sveitarfélagið telur að á sér hvíli skylda, sbr. áðurnefndan úrskurð ÚUA í máli 74/2023, að ganga úr skugga um að leyfi þar til bærra stjórnvalda liggi fyrir við ákvörðun um það hvort veita eigi framkvæmdaleyfi. Er um það vísað til rökstuðnings ÚUA sjálfrar í þeim úrskurði. Að auki kemur fram í umsögn Orkustofnunar til Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda í og við inntakslón Andakílsárvirkjunar frá 21. febrúar 2022 og er eftirfarandi:

*„Samkvæmt 7. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, er óheimilt, nema sérstök heimild eða lagaleyfi sé til, að breyta vatnsbotni, straumstefnu, vatnsmagni eða vatnsflæði, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð. Sömuleiðis er óheimilt að gera mannvirki í vatni eða yfir því án leyfis Orkustofnunar sem fer með stjórnslu og eftirlit samkvæmt vatnalögum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir um annað (sbr. 2. mgr. 143. gr.). Þá er það mat Orkustofnunar að viðbætur við inntaksstíflu og endurgerð og áformuð hækkan jarðvegsstíflu falli utan við ákvæði 3. málslíðar 3. mgr. 144. gr. vatnalaga, sem gildir um framkvæmdir sem telja verður til viðgerða eða lagfæringa á veitu- eða virkjunarmannvirkjum og rúmast innan áður útgefinna leyfa samkvæmt lögnum.“* Til viðbótar kemur einnig fram í fyrrnefndri umsögn Orkustofnunar frá 21. febrúar 2022: *“Þrátt fyrir framangreint þá bendir Orkustofnun á að í 1. málslíð 3. mgr. 144. gr. vatnalaga segir að ekki sé skylt að senda umsókn eða tilkynningu um framkvæmdir til Orkustofnunar ef framkvæmdin fellur undir V. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Samkvæmt 33. gr. laga um lax- og silungsveiði er sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríkis vatnsins að öðru leyti, háð leyfi Fiskistofu. Ákvörðun um hvort fyrirhugaðar framkvæmdir við inntakslón Andakílsárvirkjunar að öllu leyti eða hluta falli undir leyfisveitingu Fiskistofu er á hendi hennar, en ber stofnuninni í þeim tilvikum þegar í stað að senda Orkustofnun afrit af öllum slíkum umsóknum skv. 2. málslíð 3. mgr. 144. gr. vatnalaga.“*

### **3. Sjónarmið er lúta að lögum um stjórn vatnamála 36/2011.**

Sveitarfélagið hefur haft til skoðunar úrskurð ÚUA í máli nr. 3/2023, frá 15. júní 2023, hvar virkjunarleyfi var fellt úr gildi með vísan til ákvæða laga 36/2011. Í 3. mgr. 28. gr. þeirra laga kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skuli leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Með vísan til þessa er tilefni til að óska eftir frekari umfjöllun ON um þetta atriði. Ljóst er að Umhverfisstofnun annast stjórnslu vatnsverndar, skv. 7. gr. laganna.

Rétt þykir að kalla eftir afstöðu ON til þess, hvort sveitarfélaginu beri við útgáfu framkvæmdaleyfis að líta til ákvæða umræddra laga og hvort gera verði kröfu um að fyrir liggi staðfesting frá Umhverfisstofnun eða vatnaráði um að fyrirhugaðar framkvæmdir séu samrýmanlegar vatnaáætlun. Í ljósi ummæla í forsendum ÚUA í úrskurði 3/2023 þykir rétt að kalla eftir afstöðu ON til þess hvort almenn flokkun gildandi vatnaáætlunar nægi ein og sér, eða hvort fyrirhugaðar framkvæmdir ON við Andakílsárvirkjun leiði til þess að gera verði sérstaka úttekt á vatnshloti/um því/þeim sem þær hafa áhrif á. Er þar bæði vísað til stöðuvatnsins Skorradalsvatns og straumvatnsins Andakílsár.

### **4. Framkvæmdaleyfisumsókn ekki í samræmi við reglugerð 772/2012 um framkvæmdaleyfi.**

#### **a. Mörk sveitarfélaga, jarða og lóða.**

Á síðastliðnu ári hefur tvívegis verið þinglýst landamerkjálínum Efri Hrepps að því marki sem hinn forni farvegur Andakílsár markar landamerki jarðarinnar við aðliggjandi jarðir. Skipulags- og byggingarnefnd Skorradalshrepps fékk kynningu á þeim línunum og gerði ekki athugasemdir við, sjá 1. dagskrárlíð á fundi

þann 19. september 2023. Að kröfu ON féllst sýslumaðurinn á Vesturlandi nýverið á að aflýsa annarri þinglýsingunni og virðist þar byggja á að sveitarfélögin hafi ekki samþykkt línuna. Er því á þessu stigi enn meiri óvissa um það hver sú lína nákvæmlega er. Í uppdrætti frá ON kom fram markalína sveitarfélaga sem augljóslega var byggð á misskilningi um það við hvaða yfirfall skyldi miða.

Ekki fæst séð að skýrt sé með uppdrætti, hver er lega einstakra lóða sem skipt var á sínum tíma út vegna Andakílsárvirkjunar úr landi Efri Hrepps, sem er í Skorradalshreppi. Fyrir liggur að ON eða Orkuveita Reykjavíkur hefur á sínum tíma þinglýst uppdrætti sem virðist sameina lóð úr landi Efra Hrepps við lóð ON úr landi Syðstu Fossa sem eru í öðru sveitarfélagi. Umrædd afmörkun hefur enga umfjöllun fengið í sveitarstjórn Skorradalshrepps og ekki fæst séð að hún hafi verið staðfest af eigendum Efri Hrepps.

Er því óljóst, hver nákvæm mörk lóðar ON og jarðarinnar Efri Hrepps eru. Hafa eigendur Efri Hrepps komið því sjónarmiði á framfæri, að þeir telji líklegt að framkvæmd sú sem hér er til afgreiðslu sé annað hvort að miklu leyti eða öllu á þeirra landi, þ.e. utan lóðar ON.

Gera verður þá kröfu að skýrt sé, að umrædd framkvæmd sé á lóð ON. Slíkt er t.d. unnt með samþykki landeigenda eða skýrri afmörkun lóðarinnar á uppdrætti sem samþykkt er af öðrum hagaðilum. Verður því að óska eftir gögnum um þetta efni sem taka af öll tvímæli.

#### **b. Leyfi Fiskistofu.**

Samkvæmt framlögðum framkvæmdaleyfisgögnum að þá er umsókn ON til Fiskistofu í ferli. Má ætla að leyfi Fiskistofu muni byggja á framlögðum rannsóknaráætlunum, en embættið bendir á að það vantar að geta höfundar og dagsetningar á greinargerð Hafrannsóknarstofnunar er varðar *Rannsóknaráætlun fyrir vöktun á lífríki og eðlisefnafræðilegum þáttum í Skorradalsvatni*. Enn fremur vantar upplýsingar um heiti stofnunar, höfundar og dagsetningu greinargerðar *Rannsóknaráætlun á ófiskgengum hluta Andakílsár*.

#### **c. Álit veiðifélaga Andakílsár og Skorradalsvatns.**

Ekki er um það deilt að ekki liggur fyrir deiliskipulag um það svæði sem framkvæmdin er á. Sveitarfélagið telur því rétt, að tryggt sé að þessir hagsmunaaðilar veiti álit sitt á framkvæmdinni. Er í þessu sambandi m.a. vísað til úrskurðar ÚUA í máli 3/2023, þar sem reyndi á aðildarhæfi veiðifélags sem framkvæmdaaðili taldi ekki eiga aðild að málinu, þar sem langt væri frá framkvæmdasvæði að starfssvæði veiðifélagsins. ÚUA taldi viðkomandi veiðifélag eiga lögvarða hagsmuni. Telja verður að í þessu tilviki sé enn skýrara, að bæði þessi veiðifélög eru í návígi við umrædda framkvæmd og geta orðið fyrir áhrifum.

Því telur sveitarfélagið sér skylt að leita umræddra álita. Vísað er til þeirra raka sem fram koma í ofangreindum úrskurði.

Við grenndarkynningu væri unnt að ná þessum álitum fram að mati sveitarfélagsins, telji ON ekki ástæðu til að kalla eftir þeim sjálft. Rétt þykir að gefa ON færi á að tjá sig um þessi sjónarmið frekar.

#### **d. Afmörkun framkvæmdasvæðis og afstaða gagnvart RAMSAR svæði.**

Samkvæmt 1. lið 7.gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi skal fylgja umsókn afstöðumynd í mælikvarðanum 1:2000-1:500. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar kemur fram að ef ekki liggur fyrir deiliskipulag og sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags þarf einnig fylgja með yfirlitsmynd í mælikvarðanum 1:10.000-1:2000 eða úrdráttur úr aðalskipulagi. Með framkvæmdaleyfisumsókn fylgdi afstöðumyndir í mælikvarðanum 1:3.500 og 1:1.500. Á afstöðumynd þarf að gera grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, landmótun, vegtengingum og öðru sem skilmálar deiliskipulags kveða á um og önnur gögn sem við eiga. Það er mat sveitarfélagsins að á afstöðumynd eigi að koma fram afmörkun lóða og rétt sveitarfélagamörk, sbr. hér áður. Yfirlitsmynd fylgdi framkvæmdaleyfisumsókn. Mælikvarði yfirlitsmyndar er rangur. Sveitarfélagið óskar eftir að framkvæmdin sé sýnd á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags þannig að það sé ljóst að framkvæmdasvæðið samræmist aðalskipulagi og afstaða sýnd gagnvart náttúruverndarsvæði eins og RAMSAR svæðis neðan virkjunar. Sveitarfélagið telur þær ríku skyldur sem á því hvíla, sjá t.d. áður nefnda úrskurði ÚUA í málum 3/2023 og 74/2023, leiða til þess að gera verður skýrar kröfur til þeirra gagna sem lögð eru fram. Því verði uppdrættir að vera í þeim mælikvörðum sem ætlast er til.

Ramsarsvæði kallast þau votlendissvæði í heiminum sem valin hafa verið sérstaklega til verndunar og nýtingu vegna gildi þeirra í mismunandi samhengi. Sex slík svæði eru á Íslandi og er Andakíll eitt þeirra. Í verndar- og stjórnunaráætlun svæðisins, sjá [https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Fridlyst-Svaedi/Stjonunar-](https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Fridlyst-Svaedi/Stjonunar-%20og%20verndaraetlun%20fyrir%20verndarsvaeði%20i%20Andakil%20m%20undirritun.pdf)

[%20og%20verndaraetlun%20fyrir%20verndarsvaeði%20i%20Andakil%20m%20undirritun.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Fridlyst-Svaedi/Stjonunar-%20og%20verndaraetlun%20fyrir%20verndarsvaeði%20i%20Andakil%20m%20undirritun.pdf), segir á bls. 14: *Benda ber á aðra ógn við lífríki árinna sem er vatnsaflsvirkjun, Andakílsárvirkjun, sem var byggð í Andakílsá um miðja 20. öld, og hefur verið starfrækt síðan.*

Vísað er til auglýsingar 338/2011 sem birtist í Stjórnartíðindum, ákvæða náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og umræddrar verndar- og stjórnunaráætlunar. Sveitarfélagið telur sér skylt að taka tillit til þeirra verndarhagsmuna sem hafa verið skilgreindir og njóta sérstakrar verndar og telur því eðlilegt að umsækjandi geri það einnig í gögnum sínum.

## 5. Efni og vegir

Meðan á framkvæmdum stendur verður Andakílsá veitt um yfirfall virkjunarinnar. Það verður gert með því að reisa tímabundna varnarstíflu sunnarlega í inntakslóni virkjunarinnar, sem leiðir rennslið að yfirfalli, samhliða því að verja nyrðri hluta lónsins gagnvart ánni. Óskað er eftir upplýsingum um hvaðan efnið kemur sem nota á í varnarstífluna, hvað verður gert við efnið að framkvæmd lokinni, enn fremur upplýsingar um magn og gerð efnisins. Á sama hátt vantar sambærilegar upplýsingar varðandi gerð/styrkingu vinnuvega og slóðagerð innan verksvæðisins og upplýsingar um legu þeirra austan Álfsteinsár og tengingu við Mófellsstaðaveg (507).

## 6. Útreikningar á efnismagni

Magn sets sem fyrirhugað er að fjarlægja úr botni inntakslóns hefur verið áætlað u.þ.b. 70.000 m<sup>3</sup> (+/- 15.000 m<sup>3</sup>). Lagður er fram uppdráttur með framkvæmdaleyfisumsókn sem sýnir áætlaða setþykkt í inntakslóni. Fram kemur á uppdrættinum að setþykkt í lóni er fundin með því að bera saman dýptarmælingar við áætlaðan botn í lóni áður en til virkjunar kom. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær umræddar dýptarmælingar voru gerðar og þá hvort að þær miði við fast berg eða samanþjappaðan jarðveg sem liggur undir setinu. Í þessu samhengi er vert að benda á að til eru hæðalínugögn sem útbúin voru áður en virkjunin var reist. Þau gögn eru vel unnin og sýna glögg hvernig landið lá á tímum fyrir virkjun. Mögulega væri hægt að nýta þau sem grunn gögn og bera þau saman við dýptarmælingu frá ágúst 2022. Að þessu sögðu er afar mikilvægt að útreikningar á efnismagni sets séu rekjanlegir og faglega staðið að þeim, en það er mat embættisins að því sé ábótavant.